

## Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um fjölda landvarða og vinnutímabil þeirra.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hvernig er landvörslu háttáð í friðlöndum og á náttúruverndarsvæðum?
2. Hversu mörg eru stöðugildi landvarða, hvar eru þeir staðsettir og hvernig eru starfskraftar þeirra nýttir utan mesta ferðamannatímans?
3. Hefur ráðherra í hyggju að fjölga stöðugildum eða víkka út verksvið landvarða, t.d. með því að þeir sinni fræðsluhlutverki í skólum á þeim svæðum sem þeir starfa?
4. Er ætlunin að fjölga landvörðum utan friðlýstra svæða og skilgreindra þjóðgarða?